

Fundur skóla- og frístundaráðs 27. janúar 2017

Tillaga áheyrnarfulltrúa foreldra vegna nýs námsmats í grunnskólum

Áheyrnarfulltrúi foreldra leggur til að skóla- og frístundasvið og skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar taki forustu og óski eftir frestun á gildistöku nýs námsmats við lok grunnskóla sem á að taka gildi vorið 2016. Þann 9. sept og 25. nóv. á síðasta ári lagði áheyrnarfulltrúi foreldra fram fyrirspurn varðandi innleiðingu nýs námsmat í grunnskólum, hvort skóla- og frístundasviði væri kunnugt hver staðan væri varðandi innleiðingu í einstökum hverfum eða skólum borgarinnar. Ekki hafa borist svör við þeirri fyrirspurn, nú þegar skólaárið er hálfnað.

Í mörgum grunnskólum í Reykjavík hefur nemendum og foreldrum lítt eða ekki verið kynnt hvaða viðmið verða notuð til að mæla árangur þeirra í vor við lok grunnskólans. Það er óásættanlegt gagnvart nemendum og foreldrum, alveg óháð þeirri miklu vinnu sem starfsmenn margra skóla hafa lagt á sig. Sumir kennarar hafa einmitt bent á það sem rök fyrir því að halda ótrauð áfram. En það verður hins vegar að gera þá kröfu að kerfið hafa hagsmuni allra nemenda að leiðarljósi, ekki bara þeirra nemenda sem eru svo heppnir að vera í skólum þar sem vel hefur verið að þessu staðið. Það er afar ósanngjarnt fyrir útskriftarárganginn að haldið sé áfram með staðan er með þessum hætti. Það verður hreinlega að gera kröfu um það að það liggi skýrt fyrir í byrjun skólaárs hvernig úrfærslun námsmat verður háttað.

Greinagerð með tillögu.

SAMFOK hefur fylgst grannt með heimasíðum grunnskóla sem eru með 10. bekk sl. haust, heyrt í foreldrum barna í 10. bekk. Það kom okkur á óvart hve lítið umræða hafði farið fram bæði innan og utan skólanna og því ákváðum við sl. haust að halda umræðu- og fræðslufund til að skapa sameiginlegan vettvang fyrir upplýsta umræðu um þetta mikilvæga mál.

SAMFOK sendi formönnum foreldrafélaga í grunnskólum Reykjavíkur með 10. bekk spurningakönnun. Svör bárust frá 17 formönnum af 24 sem er um 70% svörun. Aðeins einn sagði námsmat vetrarins hafa legið fyrir í byrjun skólaárs, í mörgum er það langt komið en í nokkrum á byrjunarreit. Þetta segir okkur að aðeins örfáir nemendur gengu að því vísu í byrjun skólaárs hvernig námsmati veturinn fyrir útskrift yrði háttað. Hvort sú útfærsla var í anda aðalnámskrár er ekki hægt að fullyrða en ljóst er að einhverjir skólar eru að útfæra þetta út frá talnakvarða á meðan aðrir eru langt komnir í hæfnihugsuninni. Víðast hvar var ekki búið að kynna útfærslu námsmats að einhverju marki fyrir nemendum og foreldrum enda erfitt þegar hún liggur ekki fyrir.

SAMFOK sendi sviðsstjóra og formanni ráðsins, ráðherra og forstjóra Menntamálastofnunar áskorun þann 12. janúar þess efnis að óskað yrði eftir frestun gildistöku nýs námsmats við lok grunnskóla. Ekki er lagt mat á námsmatið sem slíkt heldur er þetta áfelliðómur yfir innleiðingunni. Nemendur eru kvíðnir vegna óvissunnar sem það skapar að vita ekki almennilega hvernig þeir verða metnir í vor og hvaða áhrif þetta hefur á inngöngu þeirra í framhaldsskóla. Jafnvel nemendur í skólum þar sem útfærslan á matinu er langt komin eru áhyggjufullir yfir því að þeir verði metnir á öðrum grundvelli en nemendur í skólum þar sem þetta er stutt komið og þeim sjálfum í óhag. Við teljum réttindi og hagsmuni nemenda fyrir borð borin vegna þessa ástands en hvort tveggja ætti að veða þyngra en vinna einstakra skóla eða kennara við matið. Kerfið verður að huga að hagsmunum allra nemenda, ekki bara þeirra sem eru svo heppnir að vera í skólum þar sem vinnan hefur gengið vel.

SAMFOK vill því ítreka áskorun sína um að námsmat verði með hefðbundnum hætti í vor en tíminn framundan verði nýttur til að klára útfærslu og innleiðingu svo nemendur næsta árs fái upplýsingar um námsmatið í upphafi skólaárs.